



ÁRSSKÝRSLA 2015

**ÞEKKINGARSETUR
VESTMANNAEYJA**
rannsóknir - menntun - nýsköpun

Efnisyfirlit

Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Skýrsla stjórnar	4
Skýrsla framkvæmdastjóra	5
Nýjar áherslur	7
Skipurit	7
Nýjir Starfsmenn	8
Sæheimar, fiskasafn	9
Gestir	9
Opnunartími	9
Aðgangseyrir	9
Starfsmenn	9
Sýningar	9
Lundinn Tóti	10
Safnabúð	10
Fræðslustarf	10
Styrkir	11
Skipulagðir viðburðir	11
Ýmis verkefni	14
Komið með dýr á safnið	18
Sæheimar, niðurlag	20
Sagnheimar, byggðasafn	21
Gestir	21
Opnunartími	21
Aðgangseyrir	21
Starfsmenn	21
Sýningar	21
Sérsýningar	22
Fræðslustarf	24
Skólahópar í Sagnheimum	25
Markaðsstarf	26
Styrkir	26
Viðburðir	27
Móttaka muna, skráning og varðveisla	30
Horft til framtíðar	31

Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra

Skýrsla stjórnar

Í stjórn Þekkingarsetursins á síðasta starfsári sitja ásamt mér þau Arnar Sigurmundsson, Páll Guðmundsson, Anna Sigríður Hjaltadóttir, Sveinn Margeirsson, Jóhann Sigurjónsson og Sæunn Stefánsdóttir. Í sérstakri framkvæmdastjórn eru síðan ásamt mér Arnar Sigurmundsson og Páll Marvín Jónsson.

Á starfsárinu voru haldnir 3 stjórnarfundir á tímabilinu auk þess sem framkvæmdastjórn ÞSV hefur fundað að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem farið hefur verið yfir ýmis málefni.

Helstu verkefni starfsársins hafa snúið að framkvæmdum á jarðhæð Strandvegar 50 og flutning Visku niður á jarðhæðina í endurbæta aðstöðu, hönnun og framkvæmdir á Ægisgötu 2 fyrir starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja og vinna við að koma á Háskólanámi í Vestmannaeyjum.

Allt hafa þetta verið tímafrek og krefjandi verkefni en sérlega ánægjulegt að okkur tekst að öllum líkindum að landa þeim öllum á komandi starfsári.

Framkvæmdir við jarðhæð Strandvegar 50 hófust s.l. vor og var kennsluhúsnæðið tekið í notkun í nóvember. Það verður að segjast að verkið hefur tekist vel og aðstaðan fyrir námskeið og ekki síst fjarnema orðin til fyrirmyndar.

Í október sl. var samið við Mannvit hf. og Ask arkitektar um arkitekta- og verkfræði hönnun á 2. hæð Fiskiðjunnar. Áætlað er að fullnaðarteikningar og endanleg kostnaðaráætlun verði klár nú í maí og verður þá hægt að ráðast í útboð á framkvæmdinni innanhúss. Ætla má að ef að allt gengur að óskum verði hægt að taka húsnæðið í notkun í byrjun næsta árs eða vonandi fyrir næsta ársfund Þekkingarsetursins.

Það er síðan einkar ánægjulegt að á haustönn 2016 byrji nýtt háskólanám í Vestmannaeyjum undir yfirskriftinni Haftengd Nýsköpun. Búið er að ráða áfangastjóra til að halda utan um námið og mun Þekkingarsetrið og Viska leggja náminu til aðstöðu bæði fyrir skrifstofu áfangastjórans og kennsluaðstöðu. Þetta er stórt skref í starfinu hér í Eyjum og í raun er um að ræða einstakt samstarf tveggja háskóla, Háskóla Reykjavíkur og Háskólans á Akureyri, þar sem haldið er úti staðarnámi fjarri höfuðstöðum beggja skóla.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum Þekkingarsetursins og stjórn fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Ég vil þó sérstaklega þakka Jóhanni Sigurjónssyni fyrir samstarfið undanfarin ár en Jóhann hefur setið stjórn allt frá stofnun Þekkingarsetursins þann 23. Janúar 2008. Jóhann gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn sökum breytinga í starfi og mun honum verða sárt saknað. Jafnframt vil ég þakka Önnu Sigríði Hjaltadóttir fyrir vel unnin störf þau fimm ár sem hún hefur setið í stjórn en hún hefur tilkynnt okkur að hún mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Elldi Vignisson

Formaður stjórnar

Skýrsla framkvæmdastjóra

Yfirstaðið starfsár var annasamt hjá starfsmönnum Þekkingarsetursins. Hvar sem komið er niður hafa starfsmenn haft í mörgu að snúast.

Framkvæmdir og fjárfestingar

Fyrst skal þar nefna breytingar á jarðhæð Strandveg 50. Viska og Vestmannaeyjabær keyptu jarðhæðina af ÁTVR í maí 2015 og var í raun strax hafist handa við að undirbúa flutning kennslu og skrifstofuaðstöðu Visku niður á jarðhæð. Framkvæmdir hófust síðan af krafti í sumarlok. Ráðist var í töluverðar vinnu til að gera aðstöðuna hentuga fyrir starfsemina. Kostnaður við framkvæmdirnar var greiddur fyrst og fremst af SHIVE, sem er í raun húsfélag um Strandveg 50, en önnur sértæk verk eru greidd af Visku. Þekkingarsetrið lagði til starfsmann – Georg Skæringsson- til að stýra eftirliti með framkvæmdum og innheimti fyrir það á kostnaðarverði. Segja má að framkvæmdirnar hafi orðið nokkuð viðameiri en gert var ráð fyrir í upphafi en almennt má segja að útkoman sé fyrirmyndar aðstaða fyrir kennslu og nemendur í námi hjá Visku. Húsnæðið opnaði síðan með pompi og prakt þann 16. október. Starfsmenn stofnana Þekkingarsetursins fluttu stutt erindi þar sem þeir kynntu starfsemi stofnana sinna í Vestmannaeyjum og síðan var boðið upp á léttar veitingar.

Eftir flutning Visku á jarðhæðina skapaðist meira rými til afnota fyrir aðra starfsemi í húsinu á annarri og þriðju hæð og voru m.a. teknir inn tveir leigutakar.

Gert var samkomulag við Vestmannaeyjabæ um notkun á bátaskýlinu á Skansinum gegn því að Setrið sæi um að halda því við. RIB báturinn var seldur og hentugri bátur fyrir úteyjarnar keyptur í staðinn. Tækjabúnaður í rannsóknarbátinum Friðriki Jessyni var einnig endurnýjaður. Ráðist var í viðhald og endurnýjun á húsnæði og skrifstofubúnaði Sæheima, keyptur var búnaður fyrir nýja sýningu í Sæheimum og ljósritunarvél endurnýjuð.

Söfnin

Sagnheimar unnu að fjölmörgum spennandi verkefnum. Alls voru haldnir 37 menningartengdir viðburðir í safnhúsinu sem Sagnheimar komu að. Má þar nefna verkefni: Saga og súpa; Úr fórum kvenna; Konur í bókmenntum; Eyjakonur í íþróttum; Dagur bókarinnar; Íslenski safnadagurinn; Vindmyllur og nýting vindorku; Þær þráðinn spunnu; Örlagasaga Hallgríms og Guðríðar; Atorkukonur í Safnahúsinu; og Vestmannaeyingar í Utah. Þetta er í raun bara brot af þeim viðburðum sem haldnir voru á árinu í samstarfi við Safnhúsið en það sem er hvað mest ánægjulegt er að þessir viðburðir, hvort sem þeir eru haldnir í Einarstofu eða á bryggjunni í Sagnheimum, eru alltaf vel sóttir og ef horft er til þess að yfir 37 viðburðir voru haldnir á árinu og aðsóknin nær ávallt á bilinu 30-90 manns þá verður það að teljast einstakt afrek.

Sæheimar unnu að fjölmörgum verkefnum á árinu. Fyrir sumaropnun var farið á Norræna ráðstefnu fiskasafna í Álasund þar sem við kynntum safnið okkar og starfsemi þess og lærðum af öðrum fiskasöfnum á Norðurlöndum. Ferðin reyndist gefandi og fróðleg og góður undirbúningur fyrir ferðasumarið framundan. Aðsóknin á safnið um sumarið sló síðan öll met en alls komu yfir 17 þúsund gestir á árinu 2015. Á tímum var safnið svo fullt að fólk sneri við í dyrunum og reyndi þá að koma síðar þegar það var orðið rólegra eða þá að við hreinlega misstum viðskiptavininn. Í kjölfar ferðamannavertíðar kom svo metár hjá Pysjueftirlitinu. Alls komu um 3000 pysjur í vigtun og skoðun á safnið og stóð starfsfólkið bókstaflega á haus í þær fjórar vikur sem tímabilið stóð yfir. Þetta er

ánægjulegur tími sem við þurfum þó að manna með viðbótar starfsfólki á sama tíma sem tekjur safnsins eru takmarkað þar sem ekkert gjald er tekið af þeim aðilum sem taka þátt í björgunarstarfinu og heimsækja safnið.

Verkefnið Markaðsáttak ferðamála var viðamikil á árinu en verkefnið var samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila í Vestmannaeyjum en undir stjórn Þekkingarsetursins og styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Tilgangurinn var einkum að fá ferðaþjónustuaðila til að vinna saman og verður að segjast að markmið verkefnisins hafi náðst að öllu leyti. Afurðin var m.a. auglýsingasamningar við Uniqe Iceland eða Icelandair, Kynningarmyndband, ljósmyndagagnagrunnur og vefsíðan VisitVestmannaeyjar.

Í lok árs var skrifað undir samning við Vestmannaeyjabæ um að Þekkingarsetrið tæki að sér ráðgjöf og stuðning við ferðaþjónustuna í Vestmannaeyjum. Samningurinn er í takt við þær nýju áherslur sem stjórn hefur sett sér sem er að leggja frekari áherslu á ferðaþjónustuna, enda er það sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti þess dagana með tilheyrandi vaxtaverkjum.

Í febrúar á þessu ári var síðan skrifað undir samning um ráðgjöf og þjónustu við Samtök Sunnlenskra sveitafélaga. Samningurinn felur m.a. í sér að Þekkingarsetrið annist ráðgjöf á sviði atvinnu- og menningarmála ásamt því að vinna að verkefnum í tengslum við Uppbyggingarsjóð Suðurlands og Sóknaráætlun. Það er ánægjulegt að segja frá því að í kjölfarið var Hrafn Sævaldsson ráðinn í stöðu Nýsköpunar- og þróunarstjóra en hann mun bera megin þungann af þessum samningi.

Hönnun og framkvæmdir við Fiskiðjuna

Mikil vinna hefur farið í hönnun og undirbúning framkvæmda við Ægisgötu 2 eða í fyrirhugaðri aðstöðu ÞSV á annarri hæð hússins. Auglýst var eftir tilboðum í hönnun á aðstöðunni og bárust alls fjögur tilboð. Ákveðið var að ganga til samninga við Mannvit og Ask arkitekta. Fullgerðar teikningar og útboðsgögn eiga samkvæmt áætlun að liggja fyrir í maí en stefnt er að því að framkvæmdir geti hafist í haust 2016.

Í Þekkingarsetrinu, að Ægisgötu 2, er hugmyndin að byggja upp aðstöðu til náms, rannsókna, frumkvöðlastarfs, nýsköpunar og vöruþróunar. Þetta er metnaðarfullt verkefni og að mínu mati lífsnauðsynlegt fyrir samfélagið í heild sinni. Atvinnulífið í Eyjum er að taka miklum breytingum og tækifærin felast ekki síst í þeim samlegðaráhrifum sem verða til við að setja saman ólíkar mennta- og rannsóknastofnanir, fyrirtæki og frumkvöðla undir eitt þak og búa þannig til vettvang fyrir samstarf og umræður ólíkra aðila.

Haftengd Nýsköpun

Undirritaður tók þátt í undirbúningi á námsleiðinni Haftengd Nýsköpun og var m.a. farið í heimsóknir í nær öll sjávarútvegstengd fyrirtæki hér í Eyjum. Það var virkilega ánægjulegt að finna áhugann hjá þessum aðilum fyrir náminu. Það sem er sérstakt við þetta nám er ekki bara samstarf tveggja háskóla, HR og HA, um Diploma nám í litlum bæ við sjávarsíðuna heldur ekki síður hvernig atvinnulífið hér verður tvinnuð inn í námið. Hvort þetta gengur upp mun að miklu leyti velta á því hvernig okkur tekst að virkja atvinnulífið hér til þátttöku.

Páll Marvin Jónsson

Framkvæmdastjóri

Nýjar áherslur

Á undanförunum árum hefur ÞSV lagt aukna áherslu á rannsóknir og stuðning við ferðamál í sínum verkefnum. Til að efla þessa starfsemi enn frekar hefur ÞSV gert samning við Vestmannaeyjabæ um eflingu ferðaþjónustunnar í Vestmannaeyjum með yfirtöku á ákveðnum verkefnum hjá bænum.


Verkefnin sem um ræðir snúa að kynningar- og markaðsstarfi fyrir bæinn sem er samhlíða ætlað að efla rannsóknir- og styðja við ferðaþjónustuna í bænum. Samningurinn kemur til með að dekkja 50% stöðu til tveggja ára.

Þann 5. apríl 2016 var skrifað undir samning við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (SASS) um að ÞSV annist atvinnuráðgjöf í Vestmannaeyjum. Helstu markmið samningsins eru að annast atvinnuráðgjöf óg vinna að ýmsum verkefnum er snúa að Sóknaráætlun Suðurlands.

- Aðstoð við gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana og fjármögnun verkefna.
- Aðstoð við verkefnastjórnun, markaðsgreiningar og –áætlanir.
- Leiðbeina um stoðkerfið og kynna Uppbyggingarsjóð Suðurlands.
- Veita ráðgjöf og handleiðsla við mótun umsókna í sjóðinn og vinna að samningagerð og eftirfylgd styrktra verkefna úr sjóðnum.
- Vinna að sóknaráætlun Suðurlands, mótun, framkvæmd og eftirfylgd verkefna.
- Önnur verkefni á sviði byggðapróunar að frumkvæði samstarfsaðila eða að beiðni SASS hvað varðar.

Skipurit

Í ljósi þessara nýju áhersla í starfsemi ÞSV samþykkti stjórn breytingar á skipuriti ÞSV þar sem starfseminni verður nú skipt upp í þrjú svið, Kjarnasvið, Safnasvið og Stoðsvið.



Nýjir Starfsmenn

Ráðnir hafa verið tveir starfsmenn sem munu hafa það verkefni að m.a. vinna að samningum við Vestmannaeyjabæ um ferðamál og við saminginn við SASS um atvinuráðgjöf og Sóknaráætlun Suðurlands.

Nýsköpunar- og þróunarstjóri

Hrafn Sævaldsson var ráðinn Nýsköpunar- og þróunarstjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Hrafn hóf störf hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja í apríl 2016.

Hrafn hefur undanfarið ár starfað sem sjálfstæður rekstarráðgjafi í Vestmannaeyjum. Á 2013-2015 stýrði hann tímabundnu sérverkefni fyrir Vinnslustöðina og á árunum 2006 – 2012 starfaði hann sem ráðgjafi og verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands með aðsetur í Vestmannaeyjum. Hrafn er búsettur í Vestmannaeyjum ásamt fjölskyldu sinni; eiginkonu og barni.



Hrafn er m.a. viðskiptafræðingur að mennt og stefnir á að ljúka meistaranámi í viðskiptum og stjórnun, MBA, frá Háskóla Íslandi vorið 2017 samhliða vinnu fyrir Þekkingarsetur Vestmannaeyja.

Verkefnastjóri markaðs- og ferðamál

Raquel Isabel Díaz var ráðin í stöðu verkefnastjóra markaðs- og ferðamála og mun hún taka til starfa í maí 2016.

Raquel hefur undanfarin ár starfað sem verkefnastjóri hjá alþjóðlegum fyrirtækjum, m.a. Actavis, Kaupbing banka og Verne Global. Á árunum 2011-2016 vann hún sem viðskiptastjóri hjá tveimur af stærstu auglýsingastofum landsins (Fíton/Pipar og Íslenska auglýsingastofan) þar sem hún vann að auglýsinga og markaðsmálum fyrir fyrirtæki eins og 365 miðlar, Iceland Express, Alvogen, Dominos, Ölgerðina, Lýsi, Icelandair, Íslandsstofu, Meet in Reykjavík, Rauða krossinn, Medis, Þjóðminjasafnið, Borgarleikhúsið o.fl.



Raquel er með háskólagráðu í almannatengslum og auglýsingafræðum (M.Sc.) frá Háskóla Leonardo Da Vinci í El Salvador. Þar að auki er hún með MBA með áherslu á stjórnun og M.Sc. gráðu í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands. Einnig er hún með diplóma í alþjóðlegum ferðamarkaðsfræðum og hefur tekið þátt í námskeiðum í verkefnastjórnun. Raquel talar og skrifar íslensku, ensku og spænsku.

Verkefni Raquel hjá Þekkingarsetrinu verða fyrst og fremst á sviði ferðaþjónustu en jafnframt mun Raquel koma að markaðsráðgjöf til atvinnulífsins almennt í Vestmannaeyjum og vinna að Sóknaráætlun Suðurlands samkvæmt þjónustusamningi Þekkingarseturs Vestmannaeyja við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga.

Sæheimar, fiskasafn

Gestir

Alls komu 17.233 gestir á Sæheima – Fiskasafn árið 2015. Þar af voru fullorðnir gestir 9.911 talsins (þar af 3.874 íslendingar og 5.914 erlendir gestir) en börnin samtals 7.322 (þar af 5.853 íslensk börn og 1.469 erlend). Þetta eru um 4.500 fleiri gestir en sóttu safnið árið 2014 og munar þar mest um fleiri erlenda ferðamenn. Þess má geta að aukningin samsvarar heildarfjölda gesta árið 2007. Alla jafna er júlímánuður fjölmennasti mánuðurinn á safninu og var sú einnig raunin í ár og komu þá yfir 5000 gestir.

Opnunartími

Við höfum fundið fyrir nokkrum þrýstingi að lengja sumaropnunartíma safnsins og var því tekin sú ákvörðun að lengja hann nokkuð. Bæði opnaði safnið klukkutíma fyrr á morgnana og sömuleiðis var tímabilið lengt um tvær vikur í báða enda. Sumaropnunartími safnsins var því frá 1. maí til 30. september, klukkan 10:00 til 17:00, alla daga vikunnar.

Pysjutímabilið var óvenju seint þetta árið og auk þess fleiri pysjur en undanfarin ár og því endaði með því að safnið var opið samkvæmt sumartíma til loka október.

Yfir vetrartímann frá 1. nóvember til 30. apríl var safnið opið á laugardögum klukkan 13:00 til 16:00. Á öðrum tímum var safnið opið eftir samkomulagi.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir inn á safnið var 1000 krónur fyrir fullorðinn einstakling. Frítt var fyrir börn 17 ára og yngri. Eldri borgarar og öryrkjar fengu 25% afslátt af heildarverði og var því aðgangseyrir þeirra 750 krónur. Veittur var 25% hópafsláttur fyrir stærri hópa og var þá aðgangseyrir 750 krónur á mann.

Boðið var upp á safnapassa meðan sumaropnun varði. Um er að ræða einn miða sem gefur aðgang að Sæheimum og Sagnheimum á 1500 krónur. Fullt verð á bæði söfnin er 2000 krónur. Þessu var vel tekið og alls voru það 397 gestir sem keyptu safnalykla.

Starfsmenn

Margrét Lilja Magnúsdóttir var í 75% starfi sem safnstjóri. Georg Skæringsson var í 30% starfi sem umsjónarmaður safnsins. Aðrir starfsmenn í sumarvinnu við vörslu og afgreiðslu voru Örn Hilmisson, Evelyn C. Bryner, Guðný Hilmisdóttir, Victoria Ayn Pethypiece, Valrós Gígja Aradóttir, Jóhanna Bjarnadóttir og Katja Helgadóttir. Auk þeirra voru nokkrir ungir hjálparkokkar sem hjálpuðu til á safninu.

Sýningar

Fastar sýningar

Aðaláhersla Sæheima-Fiskasafns er sýning á lifandi fiskum og öðrum sjávarlífverum. Á safninu eru 12 sjóker þar sem finnast helstu nytjategundir okkar íslendinga auk fágætari tegunda. Um 30 metra djúp borhola er utan við safnið og upp úr henni er dælt mörg þúsund lítrum af sjó daglega og er því stöðugt gegnumstreymi af hreinum sjó í búrum safnsins. Einnig eru á safninu fuglasafn, steinasafn, skordýrasafn, skeljiasafn og eggjasafn auk annarra náttúrugripa.

Sérsýningar

Auk hinna hefðbundnu sýninga á safninu eru þar tvær sérsýningar. Önnur þeirra fjallar um sambýli manns og lunda en hin segir frá Surtseyjargosinu sem hófst árið 1963. Auk þessara sýninga eru ljósmyndir af blómplöntum í Flóru Vestmannaeyja í stigagangi safnsins.

Um Safnahelgi Suðurlands 2015 var myndlistasýning í fiskasal og fuglasal safnsins. Um var að ræða tölvugerðar teikningar Gunnars Júlíussonar af fuglum og fiskum. Myndirnar voru prentaðar á segl sem eru 75 cm breið og 250 cm á hæð. Voru þau látin hanga neðan úr loftinu.

Lundinn Tóti

Lundinn Tóti er ótrúlega vinsæll hjá gestum safnsins og er mesta aðdráttarafl þess. Þeir sem skrifa um safnið á Trip Advisor t.d. nefna allir Tóta, en er síðan mikið notuð af ferðamönnum. Einnig var gert auglýsingamyndband um Vestmannaeyjar sem hægt var að skoða í flugvélum Icelandair og var þar minnst á Tóta og Sæheima. Margir gesta okkar, helst þeir sem komu erlendis frá, höfðu heyrt eða lesið um Tóta og spurðu sérstaklega um hann. Líklega er hann orðinn frægasti Vestmannaeyingurinn.



Safnabúð

Lítill safnabúð er rekin í afgreiðslu safnsins. Hún er mjög smá í sniðum en hefur ágætt úrval minjagripa sem tengjast flestir náttúru Eyjanna en lundinn er þar mest áberandi. Úrvalið hefur aukist talsvert síðustu ár og úrval handgerðra íslenskra hluta hefur aukist. Vinsælasta söluvaran síðustu árin hefur tvímælalaust verið bókin um litlu lundapysjuna, sem fæst nú á átta tungumálum.

Fræðslustarf

Skólahópar

Sterk hefð er fyrir því að skólarnir í Vestmannaeyjum komi með nemendur sína á safnið til fróðleiks og skemmtunar. Þessar heimsóknir byrja strax í leikskóla og mörg börn koma árlega á safnið upp allan grunnskólann með bekknum sínum. Börnin leysa ýmis verkefni í þessum heimsóknum sem sniðin eru að hverju aldurskeiði fyrir sig. Eitt af því sem má læra í heimsókn á safnið er það hvernig best er að halda á krabba.



Fræðsluefni á heimasíðu

Unnið er að fræðsluefni fyrir börn á grunnskólaaldri þar sem Aðalnámsskrá Grunnskóla í náttúrufræði er höfð að leiðarljósi. Þar verður áhersla lögð á lífið í sjónum við Ísland. Þetta fræðsluefni verður aðgengilegt á heimasíðu safnsins www.saeheimar.is og mun nýtast til kennslu í náttúrufræði. Þó að talsvert hafi bæst við af efni fyrir fræðsluvefinn hefur það ekki gengið sem skyldi að setja hann á heimasíðuna og gera hann virkan.

Styrkir

Styrkir frá Safnaráði

Safnið hlaut 1.000.000 króna rekstrarstyrk frá Safnaráði 2013. Styrkurinn var notaður í almennan rekstur safnsins.

Styrkir frá Menningarráði Suðurlands

Menningarráð Suðurlands veitti safninu 400.000 króna styrk vegna myndlistasýningar um Safnahelgina. Þá voru sýnd tölvugerð myndverk eftir Gunnar Júlíusson og nefnsist sýningin „Hvorki fugl né fiskur“.

Skipulagðir viðburðir

Þrettándahátíð

Eins og undanfarin ár er safnið opið í tengslum við þrettándahátíðina, sem í þetta sinn var haldin helgina 9-11 janúar. Margt er gert til skemmtunar þessa helgi en aðalatriðið er auðvitað að kveðja jólasveinana og aðrar kynjaverur við bálköst. Opið var í Sæheimum bæði laugardag og sunnudag og frítt var inn á safnið. Talsverður fjöldi gesta nýtti sér þetta góða tilboð.

Sumardagurinn fyrsti

Af tilefni af sumarkomunni bauð Vestmannaeyjabær eyjamönnum að skoða söfnin í bænum. Um 170 manns nýttu sér þetta góða boð og komu í heimsókn til okkar í Sæheimum.




Sjómannadagurinn

Samstarf við sjómenn er safninu afar mikilvægt. Hafa þeir frá upphafi fært safninu fjölda lifandi fiska og annarra sjávarlífvera. Einnig koma þeir með sjaldgæfa fiska til uppstoppunar. Eins og ávallt um sjómannadagshelgi var opið hús í Sæheimum og frítt inn. Safnið var opið bæði laugardag og sunnudag kl. 10-17 og var það vinsæll áfangastaður eyjamanna á leið til og frá skemmtunum við smábátabryggjuna og á Stakkagerðistúni.

Dagur hinna villtu blóma

Þann 14. júní var "Dagur hinna villtu blóma". Þetta er samnorrænn dagur sem Flóruvinir á Norðurlöndunum halda hátíðlegan. Í Sæheimum var einnig haldið upp á daginn. Í andyri safnsins voru settar upp ljósmyndir af ýmsum blómplöntum á Heimaey. Formlega opnuðum við einnig sérstakan Flóruvef á heimasíðu Sæheima. Þar er gróðurkort af Heimaey þar sem hægt er að smella á nokkur svæði eyjarinnar og skoða hvaða blómplöntur eru mest áberandi. Vinnu við vefinn er ekki lokið til fullnustu og biðlað var til blómaáhugafólks á eyjunni að taka myndir af sjaldséðum plöntum sem á vegi þeirra verða og senda okkur ásamt staðsetningu. Þannig getum við í sameiningu gert vefinn þéttari.



Afmæli Tóta

Lundinn okkar, hann Tóti, kom til okkar á safnið í lok ágúst 2011 og var þá aðeins um viku gamall. Við vitum ekki nákvæmlega hvaða dag hann klaktist úr egginu en 20. ágúst er mjög nálægt lagi og því er haldið upp á afmælið hans þann dag ár hvert. Vinir Tóta komu í afmælið og gæddu sér á köku og stelpurnar í 5. flokki Þróttar í knattspyrnu komu í heimsókn á safnið og sungu afmælissönginn fyrir hann. Tóti klæddist ÍBV búninginum sínum í tilefni dagsins.



Myndlistasýning um Safnahelgi

Um Safnahelgi Suðurlands 2015 var myndlistasýninga í fiskasal og fuglasal safnsins. Um var að ræða tölvugerðar teikningar Gunnars Júlíussonar af fuglum og fiskum. Nefndist sýningin „Hvorki fugl né fiskur“. Myndirnar voru prentaðar á segl sem eru 75 cm breið og 250 cm á hæð. Voru þau látin hanga neðan úr loftinu. Þau nutu sín mjög vel í sölum safnsins þar sem lofthæð er mikil. Í fuglasalnum voru fjórar myndir af fuglum unnar í geometriskum stíl og í fiskasalnum voru sex myndir af fiskum unnar í mósaík stíl.

Gunnar er grafískur hönnuður og var mikið á safninu sem barn og þykir því afar vænt um safnið. Einnig var hann ötull að færa safninu dýr þegar hann varð eldri og fór að stunda sjóinn.

Sýningin var opnuð föstudagskvöldið 6. nóvember með pompi og prakt. Vel var mætt á opnunina og stemmningin mjög notaleg. Þetta var skemmtileg og flott sýning sem sýndi dýrin á safninu í nýju ljósi. Var hún höfð uppi á safninu fram yfir áramót.



Ýmis verkefni

Flikkað upp á skrifstofuna

Á safninu er rými sem í daglegu tali kallast skrifstofan en hefur margþætt hutverk. Eins og nafnið gefur til kynna gegnir þetta rými hlutverki skrifstofu fyrir starfsmenn safnsins en einnig gegnir það hlutverki, kaffistofu, fundaraðstöðu, geymslu, lagers og rannsóknastofu. Þar sem engin upphituð geymsla er í húsnæði safnsins þá safnaðist þangað iðulega mikið af ýmiskonar dóti sem alla jafna á ekki heima á skrifstofum. Vantaði því oft sárlega meira skápláss fyrir allt þetta dót og sömuleiðis fyrir lager minjagripa fyrir safnabúðina okkar. Um vorið var farið í að vinna bragarbót á þessu.

Skrifstofan var máluð í fallegum bláum lit og sett upp elhúsinnrétting á austurvegginn en bókaskápar og setbekkur með geymslurými á vesturvegginn. Við setbekkinn var sett eldhúsborð og stólar. Nú höfum við orðið mjög gott skápláss og alvöru kaffistofu með nægilega mörgum sætum fyrir alla, auk þess að vera með góða vinnuaðstöðu í fallegu rými. Það var Emelía Borgþórsdóttir iðnhönnuður sem aðstoðaði okkur við skipulag og innkaup. Georg Skæringsson starfsmaður safnsins setti upp innréttingarnar og naut þar aðstoðar föður síns, Skærings Georgssonar.



Fiðrildagildra

Í samvinnu við Náttúrustofu Suðurlands var sett upp fiðrildagildra í Stórhöfða og er það sjötta sumarið sem það er gert. Gildran var sett upp þann 5. maí og farið var vikulega fram til 20. október og gildran tæmd og aflinn greindur. Að þessu sinni veiddust 228 fiðrildi. Hrossygla (89 stk.) og grasvefari (83 stk.) voru algengustu fiðrildin í ár. Áður hefur grasvefari oftast verið algengastur en hann lentti nú í öðru sæti. Stráygla veiddist nú í fyrsta sinn í Stórhöfða.



Vöktun á Stórhöfða

Í samvinnu við Náttúrustofu Suðurlands tóku Sæheimar þátt í að safna sýnum í Stórhöfða fyrir Veðurstofu Íslands vegna efnavöktunar í andrúmslofti og úrkomu. Annars vegar er verið að mæla magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti og hins vegar þrávirk lífræn efni og þungmálma í úrkomu. Hvort tveggja eru langtíma alþjóðlegar rannsóknir. Vitavörður í Stórhöfða sá um þessa sýnasöfnun áður.



Lagðar krabbagildir

Starfsmenn safnsins ásamt ungum hjálparkokkum þess, lögðu krabbagildir úi Höfðavík og Brimurð og vitjuðu þeirra annan hvern dag í nokkrar vikur. Í þær fékkst fjöldi bogkrabba, sprettfiska og marhnúta. Einnig voru háfuð hornsíli í fjörupollum. Ávallt var mikill spenningur að sjá hvað komið hafði í gildrunar og sömuleiðis að sjá þegar dýrin voru sett í ný heimkynni sín í tönkum safnsins.



Pysjueftirlitið

Þetta var tólftha árið sem hið svokallaða pysjueftirlit fór fram. Þá koma þeir sem finna pysjur í bænum með þær á safnið þar sem þær eru vigtaðar og vængmældar áður en þeim er sleppt á haf út. Þannig fást dýrmætar upplýsingar um fjölda og ástand pysja ár hvert.

Í venjulegu ári eru fyrstu pysjurnar að fljúga í bæinn um miðjan ágúst en þegar komið var fram í september og ekkert bólaði á pysjunum vorum við orðin hrædd um að fáar pysjur yrðu á ferðinni þetta haustið eins og verið hefur síðustu ár. Það reyndist heldur betur rangt hjá okkur. Komið var með fyrstu pysjuna á safnið þann 8. september. Var hún afskaplega smá og vóg einungis 168 grömm og því var henni haldið í nokkra daga á safninu og hún fituð. Pysjur voru að berast safninu til loka október og ekki er vitað til þess að þær hafi nokkru sinni verið svo seint á ferðinni.

Seinni hluta september fóru pysjurnar að streyma að í pysjueftirlitinu og gerðust hlutirnir þá hratt. Þann 26. september var komið með þúsundustu pysjuna og stefndi allt í stærsta pysjuárið frá upphafi pysjueftirlitsins. Nokkrum dögum síðar, eða þann 30. september, voru pysjurnar orðnar 2000 og fyrra met frá árinu 2012 slegið. Þann 5. október voru pysjurnar orðnar 3000 talsins. Það var því mikið að gera í Sæheimum þessa dagana og mikið fjaðrafok í orðsins fyllstu merkingu.



Það var ótrúlega gaman að taka þátt í þessu verkefni. Börnin í bænum tóku að sjálfsögðu þátt pysjubjörgun öll sem eitt og margt fullorðna fólkið var fram á nótt að leita að pysjum. Ferðamenn sem komu á safnið höfðu mjög gaman að fylgjast með þessu verkefni og fannst það einstakt. Sumir þeirra voru svo heppnir að finna pysju og koma með hana í pysjueftirlitið og fara síðan að sleppa henni. Einhverjir

höfðu á orði að loksins hafi þeim orðið ljóst hvers vegna bæjarbúar væru svo margir á gangi með pappakassa í fanginu.

Alls var komið með 3831 pysju í pysjueftirlitið árið 2015 og er þetta því mesti flöldi pysja frá því að pysjueftirlitið hófst árið 2003. Fram að þessu hafði árið 2012 verið með flestar pysjur eða 1830 talsins. Meðalþyngd pysjanna í ár var 237,5 grömm, sem er því miður ekki mjög góð meðalþyngd. Hún mætti gjarnan vera nær 300 grömmunum. Pysjurnar voru mjög léttar í upphafi og við lok tímabilsins, eða innan við 210 grömm. Þyngsta pysjan var 336 grömm en sú léttasta aðeins 121 gramm.

Merktar voru um 700 pysjur og það verður spennandi að sjá hverjar endurheimtur þeirra verða. Margt bendir til að nokkuð dragi úr lífslíkum pysjanna ef þær eru léttar og sömuleiðis ef þær eru seint á ferðinni. Vonandi afsanna pysjurnar í ár þessa fullyrðingu.

Ráðstefna

Í mars var haldin ráðstefna fyrir starfsólk fiskasafna á Norðurlöndunum í Ålesund í Noregi. Þar er nýtt fiskasafn með mörgum áhugaverðum sýningum. Þau Margrét Lilja Magnúsdóttir, Páll Marvin Jónsson og Georg Skæringsson tóku þátt í ráðstefnunni fyrir hönd Sæheima og komu heim margs vísari um það hvað kollegarnir á Norðurlöndunum eru að fást við. Bæði var boðið upp á mjög athyglisverða fyrirlestra og ekki síður var bæði gaman og áhugavert að hitta fólk sem starfar það sama og við.



Myndunarsaga Heimaeyjar

Lokið var við verkefni sem nefnist myndunarsaga Heimaeyjar og var styrkt af Safnaráði. Var það unnið í samvinnu við Ingvar Atla Sigurðsson jarðfræðing og föstöðumann Náttúrustofu Suðurlands og Pál Marvin Jónsson framkvæmdastjóra Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Sýnt er á myndrænan hátt hvernig Heimaey myndaðist, en hún hefur orðið til úr mörgum eldgosum. Það fyrsta frá því fyrir 40.000 árum síðan og það nýjasta frá árinu 1973. Þetta var sett upp í gagnvirkum snertiskjá í steinasal safnins.

Fuglar í fóstri

Á hverju ári er komið með fjölda fugla til okkar sem eru slasaðir, olíublautir, örmagna af hungri eða á einhvern hátt ná ekki að bjarga sér. Við reynum ávallt að koma þeim út í náttúruna á ný ef það er mögulegt. Sumir þeirra eiga enga möguleika á að bjarga sér úti í náttúrunni og þá skjótum við skjólshúsi yfir þá og fá þeir þá ævilangt athvarf hjá okkur. Nú erum við með fjóra lunda og eina langvíu í slíku fóstri.



Komið með dýr á safnið

Sjómenn komu færandi hendi eins og fyrri ár. Þeir færðu safninu lifandi fiska, krabba og sjávarlífverur af ýmsu tagi. Það er frábært fyrir safnið að fá slíkar gjafir. Hér verður farið yfir það helsta sem barst safninu árið 2015. Bæjarbúar eru einnig meðvitaðir um að koma með óvenjuleg dýr sem þeir finna og dýr sem eru slösuð eða hjálpar þurfi.

Fjölmargar tegundir fugla komu á safnið og má þar nefna ritu, skrofu, fýl og sjósvölu. Haldin er skrá yfir öll þau dýr sem berast safninu til skoðunar eða aðhlynnningar.

Skordýr

Árlega er komið með talsverðan fjölda skordýra til greiningar á safnið. Bæði er um að ræða skordýr sem fólk finnur úti í náttúrunni og þykja óvenjuleg og einnig skordýr sem fólk finnur í hóbýlum sínum. Árið byrjaði ekki vel hjá okkur því að í byrjun janúar uppgötvuðum við hambjöllur í fuglasalnum, en þær geta orðið miklir skaðvaldar á náttúrugripasöfnum. Var snarlega eitrað fyrir þeim og hafa þær ekki sést síðan.

Þann 31. ágúst var komið með mýtil sem hafði fundist á hundi sem gjarnan fer suður á eyju. Var hann sendur til greiningar til Erlings Ólafssonar á Náttúrufræðistofnun Íslands. Reyndist þetta vera ungur skógarmýtill.




Ljósni: Erling Ólafsson

Eins og segir á vef N.Í. þá er skógarmítill blóðsuga á spendýrum sem heldur sig í gróðri, einkum í skógarbotnum. Þegar hann vantar blóð skríður hann upp í gróðurinn og krækir sig við blóðgjafa á leið um. Ungviði leggst á lítil spendýr s.s. hunda og ketti. Lífshættir skógarmítills á Íslandi eru ókannaðir en flestir hafa fundist á mönnum og hundum. Skógarmítill er að öllum líkindum orðin landlægur. Myndin er tekin af vef N.Í. og sýnir fullorðið kvendýr útbelgt af blóði.



Í lok ágúst og í byrjun september fengum við nokkur sjaldséð skordýr sem komu vegna nokkuð sterkra sunnanátta. Þann 25. ágúst kom fiðrildi um borð í Sigurð VE þegar hann var að veiðum fyrir austan land. Um er að ræða fiðrildi af tegundinni kóngasvarmi, sem er árlegur gestur á Íslandi. Kóngasvarmar eru miklir fluggarpar og geta náð 55 km hraða á klukkustund. Þeir leggjast oft í langflug frá náttúrulegum heimkynnum sínum í heittempruðum svæðum og hitabeltislöndum. Hingað til lands koma þeir sérstaklega síðsumars. Kóngasvarmi er eitt stærsta skordýr sem berst til landsins og getur vænghaf hans verið allt að 12 cm. Hann er helst á ferli á myrkri en laðast að ljósi og flýgur stundum inn um opna glugga. Bregður þá mörgum í brún en ekert er að óttast því kóngasvarmi er alveg meinlaus þó hann sé stórvaxinn.



Komið var með Gullglyrnu í Sæheima sem fannst við Sorpu. Gullglyrnur eru flækingar hér á landi og berast oft frá Evrópu með sterkum vindum og hafa fundist víða um land. Þær eru af ættbálki netvængja, en birkiglyrna er eina tegund þessa ættbálks sem lifir hérlandis. Gullglyrna er mjög fallett skordýr. Bolurinn er fagurgrænn með gulri rönd eftir honum endilöngum. Vængirnir eru gagnsærir með áberandi æðaneti. Augun eru hvelfd, gulgræn og gljáandi og dregur tegundin nafn sitt af þeim. Fullorðnar gullglyrnur nærast á frjókornum og blómasafa en lifurnar éta blaðlýs.



Um miðjan september var komið með aðmíralsfiðrildi á safnið. Höfðum við haft fregnir af nokkuð mörgum slíkum fiðrildum á Heimaey og starfsmenn Kubbs náðu að handsama eitt þeirra og færa safninu. Aðmíralsfiðrildi berast gjarnan til landsins með fyrstu haustlægðum og hafa verið árlegir gestir frá því að það fannst fyrst hérlandis árið 1901. Aðmíralsfiðrildi hafa mjög mikla útbreiðslu. Hér á landi hafa þau helst fundist á láglendi sunnanlands. Þau eru miklir fluggarpar og hafa ríkt flökkueðli. Þau eru að berast hingað til lands allt sumarið en algengast er að þau komi í september með sterkum sunnavindum. Ekki er vitað til að þau hafi náð að fjölga sér hérlandis.



Sæheimar, niðurlag

Árið 2015 var heildarfjöldi gesta 17.000 eða um 4500 fleiri en komu á safnið árið 2014. Þetta er mesti fjöldi gesta frá upphafi og aukningin milli ára er álíka mikil og heildarfjöldi gesta árið 2007.

Núverandi húsnæði er ekki einungis of lítið heldur er það einnig mjög óþjált og stenst ekki kröfur um aðgengi og öryggi gesta. Safnið er staðsett á annarri hæð og engin lyfta er í húsinu. Mikil þyngd er í sjóbúrunum og er gólfíð undir þeim orðið mjög sigið. Auk þessa þá eru fiskabúrin og allar innréttingar komnar til ára sinna og kominn tími á endurnýjun. Mikilvægasta atriðið er þó að aðstaðan sem við höfum fyrir fuglaathvarfið er einnig sprungin. Eigum við nú orðið erfitt með að taka á móti fleiri fuglum svo vel sé.

Margrét Lilja Magnúsdóttir, safnstjóri Sæheima – Fiskasafns

Ljósmyndir: Margrét Lilja Magnúsdóttir, Kristján Egilsson, Örn Hilmisson, Dalla Jóhannsdóttir, Evelyn Bryner, Erling Ólafsson.

Sagnheimar, byggðasafn

Gestir

Árið 2015 komu 4.275 gestir í Sagnheima, byggðasafn, þ.a. voru Íslendingar, 71,44 % og erlendir gestir 28,56%. Börn voru 755 eða 17,7% gesta en auk þess komu 455 börn og ungmenni eða 10,6% á vegum skóla. Gestum hefur fækkað um 14,6% á milli ára og er fækkunin mest í hópi erlendra gesta.

Opnunartími

Sumaropnun hófst 1. maí og var þá opið daglega frá kl. 10 – 17 til 30. september. Á öðrum árstímum var síðan opið á laugardögum frá klukkan 13:00 – 16:00 og eftir samkomulagi. Skólar og ýmsir hópar hafa nýtt sér vetrartímann til heimsóknna, kennslu og margvíslegrar verkefnavinnu. Heimsókn annarra gesta á vetrartíma fer nær eingöngu eftir því hvort siglt er í Landeyjarhöfn eða ekki.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir inn á safnið er 1.000 krónur fyrir 18 ára og eldri, eldri borgarar og öryrkjar borga 750 krónur en frítt er fyrir börn. Hópar (10+) borga 750 krónur á mann. Sagnheimar og Sæheimar buðu upp á sameiginlegan safnalykil á 1.500 kr.

Starfsmenn

Helga Hallbergsdóttir safnstjóri var í 100% starfi en auk þess komu Georg Skæringsson tæknistjóri, 15%, og Páll Marvin Jónsson framkvæmdastjóri, 25%, að ýmsum verkefnum.

Í sumarstörf og afleysingar komu Ásdís Loftsdóttir hönnuður, Sóley Dögg Guðbjörnsdóttir menningarmiðlari og Kristín Erna Sigurlásdóttir viðskiptafræðingur auk þess sem Vilborg Þorsteinsdóttir og Stefán Gíslason komu inn í aukaafleysingar.



Ásdís, Sóley Dögg, Kristín Erna, Vilborg og Stefán

Sýningar

Fastar sýningar - breytingar

Fastar sýningar eru enn þær sömu, sjómennska og fiskveiðar eru í stærsta hlutanum í svokölluðu bryggjuplássi en auk þess eiga bjargveiðar, Heimaeyjargosið, Tyrkjaránið, saga herfylkingar Vestmannaeyja, þjóðhátíðin, íþróttir, saga vestmannaeyskra kvenna, saga íslenskra mormóna og ævintýri og afrek Páls Steingrímssonar kvikmyndatökumanns einnig sitt fasta svæði. Ekki var gerð nein breyting á þessum sýningum í ár að öðru leyti en því að nýjum munum eða munum var bætt við úr geymslum safnsins. Frá slíkum viðbótum er oft sagt á heimasíðu safnsins www.sagnheimar.is eða þær kynntar sérstaklega á viðburðum safnsins

Fisktrönurnar við Safnahúsið er hluti af sýningarsvæði Sagnheima, byggðasafns og vekur jafnan athygli erlendra sem innlendra ferðamanna. Langa ehf hefur lagt til fiskinn undanfarin ár og minnir um leið á þessa aldagömlu aðferð til að auka geymslupól fiskis eða skreiðar.



Sérsýningar

Safnið býður upp á ýmsa möguleika til að setja upp smærri sýningar og er það spennandi kostur.

Eyjakonur í íþróttum í eitt hundrað ár

Á íslenska safnadaginn, 17. maí var á íþróttasvæði Sagnheima opnuð sýningin Eyjakonur í íþróttum í eitt hundrað ár.

Sýningin var gerð í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að konur fengu kosningarétt á Íslandi og var styrkt af safnaráði og afmælisnefnd um 100 ára kosningarétt kvenna. Sýningunni var ætlað að minnast þeirra kvenna sem mest hafa lagt til íþróttasögu kvenna 1915-2015. Sýningin á að standa fram á haust 2016.

Sýningin var samstarfsverkefni Sagnheima og íþróttahreyfingarinnar og var styrkt af 100 ára afmælisnefnd um kosningarétt kvenna og Safnaráði.

Þær þráðinn spunnu

Á kvennadaginn, 19. júní, var opnuð sýningin Þær þráðinn spunnu. Sýningin samanstendur af kvenbúningum úr eigu safnsins auk hannyrða kvenna. Á veggjum má lesa um lífshlaup 15 Eyjakvenna, útdrættir úr samnefndri nýútkominni bók Gunnhildar Hrólfsdóttur, sjá nánar hér: <http://sagnheimar.is/is/read/2015-06-15/19-juni-i-vestmannaeyjum-thaer-thradinn-spunnu/>

Sýningin er samstarfsverkefni Sagnheima og Gunnhildar Hrólfsdóttur, sagnfræðings og var styrkt af Safnaráði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun hversu lengi hún stendur.



Tvær sterkar (samstarfsverkefni)

Sagnheimar lánuðu litaspjald og pensla Júlíönu Sveinsdóttur á sýninguna Tvær sterkar, sem var á Kjarvalsstöðum 19. júní – 31. ágúst. Sýningin sem fjallaði um tvær Eyjakonur, Júlíönu (1889-1966) og hina færeysku Ruth Smith (1913-1958) fór síðan til Kaupmannahafnar og Færeyja. Sjá

<http://sagnheimar.is/is/read/2015-07-30/juliana-sveinsdottir-i-sagnheimum-og-a-kjarvalsstodum/>

Úr fórum kvenna (samstarfsverkefni)

Frá vordögum og fram á haust var í skápum Einarstofu sýningin Úr fórum kvenna. Sýningin var samstarfsverkefni Skjalasafns, Ljósmyndasafns og Sagnheima, byggðasafns. Fæðingartangir Önnu Pálsdóttur ljósmóður (1910-1984) komu t.d. úr geymslu Sagnheima.

Sjá: <http://sagnheimar.is/is/read/2015-08-24/ur-forum-kvenna-i-einarstofu-safnahuss/>



Jafnréttisbarátta kvenna í heila öld (samstarfsverkefni)

Þann 6. september opnaði Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra jafnréttisráðs farandsýningu Kvenréttindafélags Íslands í tilefni 100 ára kosningaafmælis kvenna í Einarstofu. Sýningin sem rakti jafnréttisbaráttu kvenna í heila öld stóð til loka septembers. Sjá: <http://sagnheimar.is/is/read/2015-09-01/atorkukonur-i-safnahusinu-6-september-kl-14-30/>

100 Eyjakonur

Um safnahelgina 6.-8. nóvember var sýningin 100 Eyjakonur í Einarstofu. Hugmyndin var að sýna handverk 100 Eyjakvenna í tilefni kosningarafmælis kvenna. Flest handverkin komu utan úr bæ en Sagnheimar áttu þó nokkra muni og svo fór að sýningargripir urðu miklu fleiri en 100. Sjá:

<http://sagnheimar.is/is/read/2015-10-23/100-eyjakonur-i-safnahusi-um-safnahelgina-6-8-november/>

Hér til hægri má sjá mynd af prjónaklukku sem Margrét frá Skuld (1885-1980) gerði, nú í vörslu Sagnheima



Fræðslustarf

Rannsóknir, útgáfur, endurmenntun, samstarf við önnur söfn og skóla

Safnstjóri Sagnheima ásamt öðrum söfnum Safnahúss leitast við að aðstoða fræðimenn og áhugamenn eftir fremsta megni í heimildarleit í fórum og hirslum safnanna. Merki um slíkt samstarf má t.d. sjá í bók Gunnhildar Hrólfsdóttur, sagnfræðings og rithöfundar, Þær þráðinn spunnu, sem fjallar um líf og ævi Eyjakvenna.

Afraksturs samstarfs Fred Woods, Háskólans í Utah, Sagnheima, byggðasafns og Kára Bjarnasonar, Bókasafni Vestmannaeyja um að safna heimildum meðal afkomenda þeirra 400 Íslendinga sem gerðust mormónar og héldu til Utah 1854-1914, þar af 200 manns frá Vestmannaeyjum, má sjá í sýningu Sagnheima, byggðasafns. Í byrjun september var þess minnst í Utah að 160 ár voru liðin frá því að fyrstu Vestmannaeyingarirnir settust þar að. Kári Bjarnason ásamt fleirum gestum og fræðimönnum sóttu hátíðina. Þar með var settur ákveðinn endapunktur á verkefnið.

Í sumar kom út á vegum Rannsóknaseturs í safnafræðum við Háskóla Íslands bókin Byggðasöfn á Íslandi. Bókin er sýnisbók um starfsemi 14 byggðasafna á Íslandi. Tilgangur útgáfunnar er að vekja athygli á því margbrotna starfi sem söfnin hafa staðið fyrir og hversu brýnt það er að þeirri menningarmiðslun sem þar fer fram sé betri gaumur gefinn. Safnstjóri tók saman sögu Sagnheima, byggðasafns og er hún í bókinni enda eitt af 44 viðurkenndum söfnum safnaráðs.

Sagnheimar hafa safnað upplýsingum og sögum fólks frá Heimaeyjargosinu 1973. Árið 2010 kom Ingibergur Óskarsson til samstarfs af miklum krafti og þá aðallega með hvaða bátum eða farartækjum Eyjamenn yfirgáfu Heimaey á gosnóttina. Einnig hefur verið kallað eftir reynslusögum. Hægt er að fylgjast með framgangi verkefnisins á vefnum <http://1973ibatana-sogur.blogspot.com> og einnig á fésbókinni. Hér hafa safnast ómetanlegar heimildir sem nota má til frekari rannsókna eða í útgáfur. Verkefnið er komið að ákveðnum tímamótum. Gísli Pálsson mannfræðingur frá Háskóla Íslands og Björgvin Agnarsson meistaranemi eru nú einnig komnir til samstarfs og stefnt að því að loka verkefninu árið 2016.



Skólahópar í Sagnheimum

Skólahópar í Sagnheimum

Fjöldi skólahópa lagði leið sína á safnið, allt frá leikskólum og upp í háskólastig. Farið var í afmarkaða hluta sögunnar í samráði og samstarfi við kennara. Ómissandi þáttur í heimsókninni er einnig að fá að skoða safnið á eigin forsendum í lok fræðslunnar. Sjóráningjahluti safnsins er ávallt vinsæll hjá yngri kynslóðinni.



Farskóli íslenskra safna og safnamanna

Farskóli safnamanna var haldinn á Höfn í Hornafirði dagana 16.-18. september og bar yfirskriftina Varðveisla til framtíðar. Hvernig geta söfn landsins mætt sífellt vaxandi og flóknari safnkosti og jafnframt skilað honum óspilltum til komandi kynslóða? Boðið var upp á áhugaverða fyrirlestra og vinnustofur og mikilvægar samræður við aðra safnstjóra.

Bakverðir Safnahúss og Sagnheima

14. janúar var í Pálsstofu Sagnheima stofnuð hollvinasamtök Safnahúss og Sagnheima. Bakvarðasveit þessari ætlað að verða Kára Bjarnasyni forstöðumanni Safnahúss og Helgu Hallbergsdóttur safnstjóra Sagnheima til ráðgjafar varðandi menningarviðburði, söfnun menningarverðmæta og rannsóknir á menningararfi Eyjanna í víðasta skilningi o.fl. Hópin skipa: Arnar Sigurmundsson, sem leiðir hópinn, Hermann Einarsson, Guðbjörg Sigurgeirsdóttir, Haraldur Gíslason, Haraldur Þ. Gunnarsson, Marta Jónsdóttir, Stefán Óskar Jónasson, Páley Borgþórsdóttir, Ágúst Einarsson og Helgi Bernóðusson. Hér er á ferð öflugur hópur áhugamanna sem án efa mun efla starfsemina enn meira.



Mynd. Skólahópur í heimsókn á safninu (vinstri) og bakvarðasveit Sagnheima (hægri).

Markaðsstarf

Mikið framboð er af miðlum sem auglýsa vilja safnið og vandi að velja úr hverju sinni. Sagnheimar eru einnig auglýstir í Safnabókinni.

Ljóst er að Sagnheimar verða undir í mikilvægri baráttu um ferðamenn. Sérstaklega er áberandi hversu erlendum ferðamönnum hefur fækkað eftir að Eldheimasýningin opnaði. Samgöngur spila vissulega inn í en einnig stuttur viðverutími ferðamanna á Heimaey og samkeppni um tíma ferðamanna.

Sagnheimar og Sæheimar voru með safnalykil sumarið 2015, aðgöngupassa á bæði söfnin. Von er til að Eldheimar verði með í sameiginlegum passa árið 2016 og er það vel.

Á heimasíðu Sagnheima www.sagnheimar.is eru sýningar safnsins ásamt almennum upplýsingum um opnunartíma og verð kynnt á íslensku, ensku, þýsku og frönsku. Þar eru einnig sagðar fréttir af safnastarfinu og vakin athygli á því sem framundan er. Bækling safnsins má einnig nálgast á heimasíðu: <http://sagnheimar.is/is/sidur/kynningarefni>. Fésbókarsíða Sagnheima vekur einnig reglulega athygli á safnastarfinu og öðru áhugaverðu sem því tengist.

Styrkir

Rekstrar- og verkefnastyrkir frá Safnaráði

Sagnheimar hlutu 1.000.000 kr. rekstrarstyrk frá Safnaráði og var hann notaður í almennan rekstur safnsins. Auk þess fékk safnið tvo verkefnastyrki, 250.000 kr. fyrir verkefnið Konur í Vestmannaeyjum í 100 ár (1915-2015) og 1.000.000 kr. fyrir Myndun, umbúnað og skráningu muna í Sarp. Kvennaverkefninu er lokið en Sarpsverkefnið er enn í fullum gangi.

Aðrir verkefnastyrkir

Viska færði safninu 50 þús. kr. verkefnastyrk upp í kvennaverkefni safnsins í tilefni afmælisárs, Kosningaafmælisnefnd kvenréttindafélagsins 100 þús. í íþróttasýningu Eyjakvenna, Ísfélag Vestmannaeyja 200 þús. í einleik Steinunnar Jóhannesdóttur um Guðríði Símonardóttur og Hallgrím Pétursson um goslok og SASS 200 þús. fyrir verkefnið Saga og súpa í Sagnheimum. Viðburðum sögu og súpu lýkur um mitt ár 2016 en hinum verkefnunum er lokið.

Viðburðir

Sagnheimar tóku þátt í öllum helstu viðburðum bæjarfélagsins með stærri eða minni sýningum og viðburðum með öðrum eða sjálfstætt. Reglulegar sýningar voru í **Einarsstofu** allt árið með þátttöku safna Safnahúss auk þess sem utanaðkomandi aðilar komu líka að sýningum.

5. janúar 2015: Þrettándagleði í Sagnheimum

Sagnheimar tóku þátt í þrettándagleði bæjarbúa að vanda. Georg víkingur kom og sagði frá lífi víkinga til forna. Einnig veitti hann verðlaun í myndakeppni Sagnheima um Vilborgu og hrafnninn. Myndirnar prýða enn vegg við innkomu í safnið. Kolbrún Harpa Kolbeinsdóttir kynnti einnig og las upp úr nýrri sögu sinni, *Silfurskrínið*, fyrir börn á öllum aldri. Sjá: Samstarfsaðilar: Sagnheimar, byggðasafn, bókasafn, Menningarráð Suðurlands. <http://sagnheimar.is/is/read/2015-01-12/vilborg-og-hrafninn-urslit-i-myndakeppni/>

21. mars 2015: Konur og bókmenntum - Sagnheimar

Nemendur FÍV í íslensku í samstarfi við Sagnheima buðu upp á opna dagskrá: **Konur og bókmenntir** á bryggjusvæði Sagnheima. Annars vegar fjölluðu þau um ritverk kvenna á 20. öld og hins vegar hvernig konur birtust í verkum karla. Sjá: <http://sagnheimar.is/is/read/2015-03-17/konur-i-bokmenntum-i-100-ar-21-mars-kl-13/>. Samstarfsaðilar: Sagnheimar, byggðasafn og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.

17. maí 2015: Íslenski safnadagurinn

Á íslenska safnadaginn opnuðum við nýja sýningu á íþróttavegg: Eyjakonur í íþróttum í eitt hundrað ár. Af þessu tilefni var boðið til dagskrár. Þórhildur Ólafsdóttir fyrirliði ÍBV í kvenna-fótbolta kynnti lokaritgerð sína við HR 2014 um mismunandi umfjöllun vefmiðla um knattspyrnu karla og kvenna. Íþróttakonurnar Sóley Guðmundsdóttir og Svanhildur Eiríksdóttir fluttu tónlistaratriði. Dóra Björk Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri ÍBV opnaði síðan sýninguna.

Samstarfsaðilar: Sagnheimar, byggðasafn og söfn Safnahúss, íþróttafélögin. Dagskráin og sýningin var styrkt af 100 afmælisnefndinni um kosningarétt kvenna og Safnaráði.



17. júní 2015: Fjallkona Eyjamanna

Að vanda skráddu Sagnheimar, byggðasafn fjallkonu Eyjamanna á 17. júní. Fjallkonan í ár var Sigríður Lára Garðarsdóttir. Klæddist hún bláum kyrtli úr eigu Sagnheima og bar koffur og stokkabelti úr eigu Ásdísar Johnsen, nú í vörslu Sagnheima. Fjallkonan flutti hátíðarljóðið: **Íslandsljóð 1944** eftir Jóhannes úr Kötlum á Hraunbúðum og í íþróttahúsi – en þangað voru hátíðarhöldin færð vegna veðurs. Samstarfsaðilar: Sagnheimar, Vestmannaeyjabær, skátafélagið.

19. júní 2015: 100 ára kosningaafmæli kvenna.

Haldið var upp á kosningaafmælið á margvíslegan hátt. Hátíðarfundur bæjarstjórnar var í Landlyst, fyrsta fæðingarheimili Íslands. Jafnréttisganga var frá Vitatorgi í Safnahús og stiklaði Jóhanna Ý Jónsdóttir sagnfræðingur á helstu áfangasigrum kvenréttinda-baráttunnar. Í Sagnheimum flutti Gunnhildur Hrólfisdóttir sagnfræðingur og rithöfundur flutti erindi um líf og störf kvenna í Eyjum á síðustu öld og opnaði nýja sýningu í Sagnheimum sem byggir á nýútkominni bók hennar: **Þær þráðinn spunnur**. Vestmannaeyjabær bauð upp á hátíðarköku í tilefni dagsins. Samstarfsverkefni Vestmannaeyjabæjar og Sagnheima. Sjá: <http://sagnheimar.is/is/read/2015-06-15/19-juni-i-vestmannaeyjum-thaer-thradinn-spunnur/>

4. júlí 2015: Sagnheimar. Goslok

Sagnheimar tóku þátt í hátíðarhöldum vegna gosloka og buðu upp á sýningu Steinunnar Jóhannesdóttur rithöfundar og leikkonu: Örlagasögu Hallgríms og Guðríðar á bryggjussvæðinu. Sjá: <http://sagnheimar.is/is/read/2015-06-28/steinunn-gudridur-og-sr-hallgrimur-a-goslokum-i-sagnheimum/> . Sýningin var styrkt af Ísfélagi Vestmannaeyja.



Mynd. Fjallkona Eyjamanna, gestir safnsins á (hægri, efri) og Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur (hægri, neðri).

6. september 2015: Atorkukonur.

Söfn í Safnahúsi héldu áfram að minnast kosningaafmælis kvenna og nú með veglegri dagskrá í Einarstofu. Minnst var tveggja Eyjakvenna; Kristínar Magnúsdóttur frá Litlabæ (1859-1938) og Unu Jónsdóttur (1878-1960), skálds og grasalæknis.

Dagskráin hófst í kirkjugarðinum þar sem blóm voru lögð á leiði Kristínar og Unu. Kristján Egilsson minntist Unu og afhjúpaði nýjan legstein.

Dagskráin hélt síðan áfram í Safnahúsi:



Páll Halldórsson varaformaður BHM minntist Unu langömmu sinnar nokkrum orðum og það gerðu Unnur Arndísardóttir og Jón Tryggvi Unnarsson líka með frumsömdu lagi við eitt ljóða Unu. Unnur er afkomandi Unu.

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu minntist nöfnu sinnar og langömmu, Kristínar í Litlabæ, sungið var ljóð Ása í Bæ, sonar Kristínar Magnúsdóttur um „ömmu sem aflann úr fjörunni dró.“

Í lok dagskrár opnaði Kristín síðan farandsýningu Kvenréttindafélags Íslands: *Veggir úr sögu kvenna*.

Dagskráin var styrkt af Kvenréttindafélagi Íslands, Safnaráði, Sparisjóði Vestmannaeyja, Landakirkju, Miðstöðinni og Vestmannaeyjabæ.



Safnahelgin 6.-8. nóvember 2015.

Framlag Sagnheima til safnahelgar var dagskrá laugardagsins: Landið mitt – ljóðið mitt. Sjö Eyjakonur með erlendar rætur sögðu stuttlega frá uppruna sínum og reynslu og fluttu síðan ljóð á móðurmáli sínu. Konurnar sem tóku þátt í dagskránni voru: Anna Federowicz frá Póllandi, Dagný Pétursdóttir, Thaílandi, Evelyn Consuelo Bryner, Sviss, Jackie Cardoso, Brasilíu, Kateryna Sigmundsson, Úkraínu, Sarah Hamilton, Englandi, Tina Merete Henriksen, Danmörku.



Saga og súpa í Sagnheimum – fyrirlestraröð

Frá því í febrúar og fram í júlí var boðið upp á fjóra fyrirlestra ásamt súpu og brauði í hádeginu undir yfyrskriftinni *Saga og súpa í Sagnheimum*. Fyrirlestrar þessir voru vel sóttir og gestir almennt mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag á miðlun sögunnar.

Fyrirlestrar og fyrirlesarar voru sem hér segir:

- 19. febrúar: Árni Böðvarsson, þjóðháttafræðingur: „Saga þorablóta“.
 - 19. mars: Guðbjörg Matthíasdóttir, athafnakona: „Konur í atvinnulífi“.
 - 28. maí: Margrét Arnardóttir frá Landsvirkjun fjallaði um nýtingu vindorku
 - 16. júlí: Þorsteinn Helgason, sagnfræðingur: „Píslarvætti í Rauðhelli og upprisa í Krosshelli“.
- Samstarfsverkefni Sagnheima, Menningarráðs Suðurlands, SASS, Rótarý og safna Safnahúss.

Aðrir viðburðir

Auk skipulagðra viðburða á vegum Sagnheima, byggðasafns hefur safnið verið notað við ýmis minni og stærri tilefni. **Pálsstofa** nýtist vel fyrir 20-40 manna fundi og þar er bæði myndvarpi og tjald, **Þjóðhátíðartjaldið** er vinsæll samkomustaður í starfsmanna- og hópahéimsóknum og **bryggjusvæðið** tekur auðveldlega allt að 100 manns í sæti og þar er einnig myndvarpi og tjald. Auk þess hafa Sagnheimar, byggðasafn aðgang að **Einarsstofu** eins og önnur söfn Safnahúss.

Kvikmynd Heiðars Marteinsonar, „Gosið og uppbyggingin í Eyjum“ var sýnd skv. eftirspurn frá maí og út september í Pálsstofu og Vestmannaeyjabær ásamt ýmsum fyrirtækjum og félögum nýttu sér einnig Pálsstofu og safnið fyrir ýmis konar fundi og móttökur.


Móttaka muna, skráning og varðveisla

Í þjóðminjalögum er fjallað um skyldur minjasafna við að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka hinar ýmsu minjar og kynna þær almenningi.

Safnið nýtur velvilja bæjarbúa sem færa því muni til varðveislu. Árið 2015 voru skráðar 16 nýjar gjafir í aðfangaskrá safnsins og eru nokkrir munir á bak við flest númerin.

Munaskrá er nú í tvennu lagi. Eldri skrá, sem unnin var af Þorsteini Þ. Víglundssyni og upphaflega birtist í Bliki er nú aðgengileg í Wordskrá á www.heimaslod.is og síðan nýrri skrá sem nær frá um 1980 til dagsins í dag og er excellskrá. Báðar skárnar bjóða upp á leit á sæmilega auðveldan hátt. Sagnheimar eru nú með samning við Landskerfi bókasafna um aðgang Sagnheima að Sarpi sem er menningarsögulegur gagnagrunnur, sem um 50 söfn eru nú aðilar að. Undirbúningsvinna og námskeiðahald er hafið og stefnt að því að skráningar hefjist að fullu árið 2016. Styrkur fékkst hjá Safnaráði til að ráða aðstoðarmanneskju tímabundið í verkefnið.

Geymslur Sagnheima hafa verið í kjallara Safnahúss, í Fiskiðju, á lofti Miðstöðvar og í húsnaði Ísfélagsins. Flutningur úr Fiskiðju og Ísfélagi yfir á Miðstöðvarloftið er hafinn og verður að fullu lokið í ársbyrjun 2016.



Mynd. Á myndinni hér til hægri má sjá lyfjaskáp sem hefur jafnvel verið í um eina öld í Stórhöfðavita. Systkinin Óskar J. og Erla færðu Sagnheimum skápinn nú til varðveislu. Honum hefur nú verið komið fyrir á Læknaminjasafninu í Landlyst.

Horft til framtíðar

Sagnheimar munu halda áfram að taka virkan þátt í hátíðum bæjarfélagsins, svo sem goslokum, safnahelgi, þrettánda og leitast við, ýmist sjálfir eða í samstarfi við aðra, að minna á merka atburði eða einstaklinga úr sögu Vestmannaeyja.

Ljóst er að Sagnheimar, byggðasafn nær vel til bæjarbúa og eru viðburðir Sagnheima og Safnahúss jafnan vel sóttir. Áhyggjuefni er þó minnkandi gestafjöldi á milli ára sem aðallega felst í færri erlendum gestum, sem oft koma bara í dagsferðir og þá er framboð safna hér meira en tími er til að heimsækja.

Markmið Sagnheima er að leitast áfram við að kynna söguna á sem fjölbreytilegasta hátt innan safns og utan og í góðu samstarfi við önnur söfn og skóla en einnig horfa til skemmtimenntunar þar sem sagan er e.t.v. kynnt á óhefðbundnari hátt utanhúss.

Leitast er við að setja upp nýjar sérsýningar í Sagnheimum, ýmist úr geymslum Sagnheima eða farandsýningar, svo að heimsókn á safnið sé ávallt spennandi upplifun. Mikilvægt er að koma geymslumálum safnsins í aðgengilegra horf.

Í Safnahúsi eru auk byggðasafns og bókasafns, skjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn. Áriðandi er að allar þessar stoðir Safnahúss vinni vel saman og húsið styrkist og eflist sem staður sem Vestmannaeyingar og gestir þeirra vilja heimsækja.

Helga Hallbergsdóttir, safnstjóri, Sagnheima

Vestmannaeyjum, 28. apríl 2016

*Páll Marvin Jónsson
Framkvæmdastjóri*

